

**Nd.**

**382. Frumvarp til laga**

[156. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. febr.)

1. gr.

Við 53. gr. laganna komi ný málsgrein, 3. mgr., sem orðist þannig:

Eigi skal innheimta aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana ríkisins vegna orkurannsóknarborana og borana til vinnslu jarðvarma.

2. gr.

4. tl. 2. mgr. 71. gr. breytist og orðist þannig:

Að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana.

3. gr.

72. gr. laganna breytist og orðist þannig:

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Orkuráðs, vexti og önnur útlánakjör Orkusjóðs. Lán, sem veitt eru samkvæmt 71. gr. 4. tl., skulu vera verðtryggð og til hæfilega langs tíma. Lánstími skal þó ekki vera lengri en 10 ár.

Áður en tillaga er gerð um lánveitingu úr Orkusjóði skal Orkuráð leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma.

Ef tiltekin borun, sem lánað hefur verið til skv. 4. tl. 2. mgr. 71. gr., reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en gert var ráð fyrir skv. áætlunum sérfræðinga, kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir og fjárhagslegri afkomu lántaka stefnt í hættu af þessum sökum, er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu Orkuráðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka, skv. 4. tl. 2. mgr. 71. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.